

REGLUR

um breytingu á reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk, nr. 705/2020.

1. gr.

7. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Umsóknir og fylgigögn.

Umsókn um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal vera skrifleg.

Umsókn skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðar, www.hafnarfjordur.is og í þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir:

- a. Örorkumat eða umönnunarmat.
- b. Staðfesting á fötlun, s.s. með læknisvottorði.
- c. SIS-mat.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og öðlast breytingar þessar gildi 15. nóvember 2025.

Breytingar samþykktar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 30. september 2025 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 8. október 2025.

Hafnarfirði, 17. október 2025.

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

B deild - Útgáfudagur: 31. október 2025